

# Námsvísar Hvolsskóla

Miðstig



**GLEÐI, VIRÐING, VINÁTTA**

**2018- 2019**

## EFNISYFIRLIT

<b>NÁMSVÍSAR MIÐSTIGS, 5.-7. BEKKUR .....</b>	<b>3</b>
Íslenska á miðstigi .....	4
Stærðfræði á miðstigi .....	8
Enska á miðstigi .....	9
Danska í 6. bekk.....	10
Danska í 7. bekk.....	11
Samfélagsfræði á miðstigi .....	12
Náttúruvísindi og útikennsla á miðstigi .....	14
List og verkgreinar á miðstigi.....	15
Lífsleikni – ART á miðstigi.....	20
Íþróttir og sund á miðstigi .....	21

## NÁMSVÍSAR MIÐSTIGS, 5.-7. BEKKUR

Veturinn 2018 – 2019 eru 76 nemendur á miðstigi. Í fimmta bekk eru 25 nemendur, 21 í sjötta bekk og 29 í sjöunda bekk.

Umsjónarkennarar 5. bekkjar eru Elsa Gehringer og Siggerður Ólöf Sigurðardóttir, umsjónarkennari 6. bekkjar er Sigríður Vaka Jónsdóttir og umsjónarkennarar 7. bekkjar eru Ólafur Elí Magnússon og Þróstur Freyr Sigfússon.

Stuðningsfulltrúar á stiginu eru Ingibjörg Ýr Ólafsdóttir og Kristín Erna Leifsdóttir.

Sérkennari er Ásta Brynjólfsdóttir.

proskapjálfar eru Hafdís María Jónsdóttir og Sóley Ástvaldsdóttir.

Skipulag kennslunnar á miðstigi er þannig að hver bekkur hefur sína heimastofu. Bekkjum er skipt upp í minni hópa í innlögn og verkefnavinnu. Í hverju kennslurými er innlagnarborð þar sem kennari getur kallað nemendur til sín og lagt inn í minni hópum. Umsjónakennarar hitta sinn bekk í upphafi hvers dags og fara yfir skipulag dagsins. Sérkennsla fer að mestu fram í hópavinnu í námsveri og stuðning inni í bekk. Auka hreyfitímar með íþróttakennara eru fyrir þá nemendur sem þurfa á því að halda, einu sinni í viku. Unnið er áfram með skóladagbókina *Skólakompan*, og er heimanám vikunnar og lestur skráð þar inn.

Smiðjur, þ.e. heimilisfræði, textilmennt (handmennt), myndmennt, og hönnun og smíði, eru kenndar fjóra daga í viku þar sem að helmingur nemenda er í smiðjum og hinn helmingurinn á svæði í íslensku og útikennslu. Unnið er í smiðjum þ.e. nemendur úr 5. og 6. bekk saman í hóp, 2 x 80 mín á viku, 1/4 hluta vetrar og nemendur úr 7. bekk saman í hóp, 2 x 80 mín á viku, 1/4 hluta vetrar.

6. og 7. bekkur fer tvískiptur í íþróttir og sund þar sem hver hópur fer einu sinni í viku í sund og tvisvar í viku í íþróttir. En 5. bekkur fer stakur í íþróttir og sund.

Markmið náms og kennslu í Hvolsskóla í öllum námsgreinum byggja á markmiðum í nýrri Aðalnámskrá sem saman standa af grunnþáttum menntunar (læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun) og haft sem leiðarljós við námsvísagerð og fléttast þannig inn í skólalastarfið. Vísað er í *Aðalnámskrá grunnskóla, almennan hluta 2011* og *greinasvið 2013*.

*Aðalnámskrá grunnskóla* er að finna á vef menntamálaráðuneytisins; [www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)

## Íslenska á miðstigi

**Kennarar:** Anna Kristín, Elsa Gehringer, Ólafur Elí, Siggerður Ólöf Sigurðardóttir, Sigríður Vaka Jónsdóttir og Þröstur Freyr Sigfússon.

Á þessu skólaári verða lestrarstundir fjórum sinnum í viku, 20 mínútur í senn. Markmiðið með því er að auka almennan áhuga á lestri bóka samkvæmt áhugasviði hvers og eins. Hver nemandi les stutt fyrir starfsmann á svæði sem kvittar fyrir. Allir nemendur lesa undir handleiðslu kennara, í völdu efni. Nemendur eru hvattir til að lesa heima á hverjum degi fyrir foreldri sem kvitta jafnframt fyrir.

Markmið skóla er að nemandi vinni með sem flesta þætti innan íslenskunnar. Góð lestrarfærni er undirstaða alls náms og verður því unnið áfram með lestur. Lögð verður áhersla á læsi í öllum sínum myndum svo sem tækni, hlustun, skilning og túlkun. Nemendur fá þjálfun í því að nota bókasafnið og vinna ýmis verkefni tengt því.

Nemendur verða einnig þjálfaðir í munnlegri og leikrænni tjáningu með því að lesa upphátt, flytja ljóð og ýmiss konar texta og verða síðan látnir gera grein fyrir máli sínu. Í lýðræðisþjóðfélagi er brýnt að geta tekið virkan þátt í umræðum af ýmsu tagi. Um leið þjálfast þeir í að hlusta á aðra og verða gagnrýnir á menn og málefni, einning er mikilvægt að allir taki virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Nemendum verða kynntar reglur um stafsetningu og greinarmerki og fá æfingu í notkun þeirra. Með því að þjálfast í að nota texta á sem fjölbreytilegan hátt eykst orðaforði þeirra og þeir fá betra vald á skapandi ritun. Málfræðikennsla á miðstigi á að gera nemendur að betri málnotendum.

Farið verður eftir getu og hæfileikum hvers og eins og þeir þjálfaðir í ólíkum þáttum ritaðs máls. Lögð verði áhersla á fjölbreytt orðaval og skýra framsetningu texta sem og á lestur bæði innan sem utan skólans.

Markmið skóla eru miðuð við *Aðalnámskrá grunnskóla 2011 – Íslenska 2013*.

### Markmið nemenda

Nemendur:

- auki orðaforða sinn og efli málskilning
- læri að hlusta og beri virðingu fyrir því þegar aðrir lesa eða segja frá
- þjálfist í að tjá sig munnlega með leikrænni tjáningu
- þjálfist í að tjá sig skriflega
- temji sér sjálfstæð vinnubrögð og samstarfsvilja

### Hæfniviðmið 5.-7. bekkjar

Málfræði og stafsetning:

5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur
<b>Málfræði:</b>	<b>Málfræði:</b>	<b>Málfræði:</b>
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Orðaleikir-krossgátur</li> <li>• Myndmál og líkingar</li> <li>• Nafnháttur</li> <li>• Töluorð</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nafnháttur og nútíð</li> <li>• Stofn sagnorða -tvöfaldur samhljóði</li> <li>• Stofn sagnorða</li> <li>• Stofn sagnorða þátíð</li> <li>• Kyn og tala lýsingarorða</li> <li>• Stofn lýsingarorða</li> <li>• Stofn nafnorða</li> <li>• Bein ræða/gæsalappir</li> <li>• Óbein ræða</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Persónufornöfn</li> <li>• Spurnarfornöfn</li> <li>• Afturbeygt fornafn</li> <li>• Eignarfornöfn</li> <li>• Ábendingarfornöfn</li> <li>• Óákveðin fornöfn</li> <li>• Hjálparsagnir</li> <li>• Málsgreinar og setning</li> <li>• Sterkar og veikar sagnir.</li> </ul>
<b>Stafsetning:</b>	<b>Stafsetning:</b>	<b>Stafsetning:</b>
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Einfaldur og tvöfaldur samhljóði.</li> <li>• Grannur og breiður sérhljóði</li> <li>• Greinir í endingum orða.</li> <li>• Y-ý orð</li> <li>• Hv eða kv</li> <li>• Greinarmerki- punktur, komma, gæsalappir, spurnigamerki,upphró pun.</li> <li>• Stór og lítill stafur: Hátíðum, viðurnefnum, þjóðarheitum, tungumálum og skammstöfun.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lýsingarorð sem enda á an</li> <li>• Hljóðvarp- y,ý, ey</li> <li>• Kvenkynsorð sem enda á un og unn</li> <li>• Karlkynsorð sem enda á inn, ann, unn</li> <li>• Stafavíxl í sagnorðum</li> <li>• J á eftir g og k</li> <li>• J á eftir ý, ey og æ</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skipt milli lína.</li> <li>• Um x, gs og ks.</li> <li>• Um f og v</li> <li>• Eitt orð eða tvö</li> <li>• Beita helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar.</li> </ul>

5. bekkjar:	6. bekkjar:	7. bekkjar:
<b>Skrift:</b>	<b>Skrift:</b>	<b>Skrift:</b>
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skrifi læsilega skrift ýmist með tengi- skrift eða ótengd.</li> <li>• Nái góðum skriftarhraða.</li> <li>• Vanda frágang.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skrifi læsilega skrift ýmist með tengi- skrift eða ótengd.</li> <li>• Geti skrifað hratt og af öryggi og sé farin að þróa persónulega rithönd.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þrói persónulega rithönd í ritunarverkefnum.</li> <li>• Vandaður og læsilegur frágangur.</li> </ul>
<b>Ritun:</b>	<b>Ritun:</b>	<b>Ritun:</b>
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Semji sögur með atburðarás. Upphaf – miðja – endir.</li> <li>• Semji ljóð og vísur.</li> <li>• Geti gert stutta skriflega útdrætti úr lesnu efni (aðalatriði).</li> <li>• Læri að fara eftir helstu stafsetningarreglum.</li> <li>• Þjálfist í að nýta sér orðabækur og önnur hjálpargögn við ritun.</li> <li>• Þjálfist í notkun á tölvur við ritun.</li> <li>• Þjálfist í fingrasetningu með ýmsum ritunarverkefnum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti skráð frásagnir um atburði úr eigin lífi.</li> <li>• Geti skráð framvindu og niður stöður í verkefnum.</li> <li>• Beiti mismunandi stíl við ritunarverkefni.</li> <li>• Þjálfist í að taka við gagnrýni á eigin texta.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti skrifað skilmerkilega um eigin reynslu, hugsanir og tilfinningar.</li> <li>• Geti skrifað skýr og greinileg fyrirmæli eða leiðbeiningar um algengar athafnir.</li> <li>• Fáist við ritun í tengslum við lesna bókmenntatexta.</li> <li>• Geti tekið þátt í tölvusamskiptum m.a. með tölvupósti.</li> </ul>

### Lestarviðmið miðstigs:

#### 5.bekkur:

**Leshraði að vori:** Lágmarksviðmið 90 **orð/mín** (150 atkv.). Almenn viðmið 140 **orð/mín** (230 atkv.).

Metnaðarfull viðmið **160 orð/mín** (270 atkv.).

#### 6.bekkur

**Leshraði að vori:** Lágmarksviðmið 105 **orð/mín** (175 atkv.). Almenn viðmið 155 **orð/mín** (260 atkv.).

Metnaðarfull viðmið **175 orð/mín** (290 atkv.).

#### 7.bekkur

**Leshraði að vori:** Lágmarksviðmið **120 orð/mín** (200 atkv.) | Almenn viðmið **165 orð/mín** (280 atkv.) |

Metnaðarfull viðmið **190 orð/mín** (320 atkv.)

## Kennsluaðferðir og leiðir að markmiðum

Til að ná settum markmiðum verður leitast við að nota sem fjölbreytilegastar kennsluaðferðir þannig að hægt verði að koma til móts við þarfir hvers og eins. Aðferðir þær sem meðal annars verða notaðar eru:

Leitaraðferðir, þar sem nemendur leiti upplýsinga á bókasafni, veraldarvefnum og í umhverfinu.

Útlistunaraðferð, þar sem kennari leggur inn námsefni, útskýrir og vekur til umhugsunar.

Umræðu og spurnaraðferð, að þjálfari nemendur í umræðum, fá þá til að tjá sig, rökræða og hlusta á aðra.

Hópvinnubrögð, þar sem nemendur eru þjálfaðir í samvinnu, styrkja félagslegastöðu innan hópsins og öðlist jákvæð viðhorf til samnemenda.

Innlifunaraðferð og tjáning, þar sem nemendur eru þjálfaðir í að tjá sig, efla mál og málþroska og efla um leið ímyndunarafli og sköpunargáfu.

## Námsgögn

Ýmis námsgögn verða notuð og mun hver og einn fá bækur og verkefni við sitt hæfi.

Hljóðbækur er hægt að fá lánaðar á bókasafninu, einnig eru flestar námsbækur á hljóðbók hjá nams.is.

Námsbækur: Vanda málið (heildstætt efni í íslensku) og að auki Orðspor 1, Skinna, Skrudda, Skræða, Mál til komið, Mál í mótun, Mál er miðill og Málrækt 1.2 og 3. Stafsetning og ýmis ljósrit af vefnum. Einnig er notað efni af vefnum, skólavefurinn.is og stoðkennarinn.

## Námsmat

Matið byggist á:

- ❖ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga:

Ábyrgð á eigin námi; Að nemendur beri ábyrgð á eigin námi og leggi mat á eigin vinnubrögð.

Námsvitund; Hæfni til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit sinni.

Skapandi og gagnrýnin hugsun; Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu.

Sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; Vinna sjálfstætt og og í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.

Tjáning; jákvæðni og taka þátt í samræðum.

- ❖ Hæfni nemenda, þekking og leikni innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

**Leiðsagnarmat** er mat sem lagt er fyrir nemendur jafnt og þétt allt námsárið með það að markmiði að nota niðurstöðurnar til að bæta námsárangur og kennslu. Leiðsagnarmat eflir námsvitund nemenda og eykur skilning þeirra á því hvað og hvernig þeir læra og hvernig þeir geta hagað námi sínu til að ná sem bestum árangri.

## **Form og tíðni námsmats**

Yfir árið verða vinnubækur og vinnusemi nemenda metin, en einnig verða lagðar fyrir formlegar kannanir til að skoða framfarir nemenda. Í lok anna er lokapróf.

## Stærðfræði á miðstigi

**Kennarar:** Elsa Gehringer, Ólafur Elí Magnússon, Siggerður Ólöf Sigurðardóttir, Sigríður Vaka Jónsdóttir og Þröstur Freyr Sigfússon.

Í stærðfræðinámi þurfa nemendur að fá að þróa með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausnir þeirra.

Á miðstigi er mikilvægt að huga að viðhorfum og áhuga nemenda á stærðfræðinni. Mikilvægt er að tengja efnið merkingarbærum og áhugaverðum verkefnum sem fela í sér athuganir, stærðfræðilega úrvinnslu og túlkun niðurstaðna.

Lögð verður áhersla á að sérhver nemandi fái verkefni við hæfi og farið verði eftir getu hvers og eins.

Markmið eru miðuð við *Aðalnámsskrá grunnskóla 2013 - Stærðfræði 2013*.

### Markmið

Nemandi á að:

- geta lesið og skrifað tölur, töluleg gögn (tíðnitöflur, súlurit og línurit) og stærðfræðilegan texta
- geta beitt skipulegum aðferðum við lausnir verkefna og þrauta
- gera sér grein fyrir og geta beitt röksemdarfærslu í stærðfræði
- gera sér grein fyrir hvernig beita má stærðfræðilegum aðferðum í daglegu lífi og á öðrum sviðum
- kynnast einföldum hugtökum úr talnafræði (t.d. heilar tölur, tugabrot, almenn brot, jákvæðar og neikvæðar tölur og sætisgildakerfið)
- ná góðri færni í margföldun, deilingu, samlagningu, frádrætti, námundun og hugarreikning
- kannast við prósentuhugtakið og hlutföll milli stærða
- kynnast algebru þ.e. átta sig á einfaldri notkun bókstafa í stærðfræði
- þekkja almenn hugtök úr rúmfræði s.s. flatarmál, rúmmál, ummál, ýmsar aðrar gerðir forma, horna, mælieininga og hnita
- kunna skil á líkindahugtakinu (reiknað út líkur)

### Kennsluaðferðir og leiðir að markmiðum

Þjálfunaraðferð: Nemendur fá verkefni til þjálfunar á námspáttum.

Innlögn í litlum hópum: Sýnikennsla, umræða og þjálfun á rökhusun.

Þrautalausnir: Nemendur vinna þrautarhefti og þjálfu rökhusun.

Leitaraðferð: Vettvangsathuganir, virkja nemendur í að afla upplýsinga.

Verkefnavinna. Einstaklingsvinna og hópavinna.

### Námsgögn

Námsbækur s.s. Sproti, Stika, Stjörnubækur, verkefni af netinu, spil, vasareiknar og gagnvirkt efni á tölvu.

### Námsmat

Matið byggist á:



- ❖ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áherslupáttum grunnskólalaga:

Ábyrgð á eigin námi; Að nemendur beri ábyrgð á eigin námi og leggi mat á eigin vinnubrögð.

Námsvitund; Hæfni til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit sinni.

Skapandi og gagnrýnin hugsun; Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu.

Sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; Vinna sjálfstætt og og í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.

Tjáning; Jákvæðni og taka þátt í samræðum.

- ❖ Hæfni nemenda, þekking og leikni innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

**Leiðsagnarmat** er mat sem lagt er fyrir nemendur jafnt og þétt allt námsárið með það að markmiði að nota niðurstöðurnar til að bæta námsárangur og kennslu. Leiðsagnarmat eflir námsvitund nemenda og eykur skilning þeirra á því hvað og hvernig þeir læra og hvernig þeir geta hagað námi sínu til að ná sem bestum árangri.

### **Form og tíðni námsmats**

Yfir árið verða vinnubækur og vinnusemi nemenda metin, en einnig verða lagðar fyrir formlegar kannanir til að skoða framfarir nemenda. Í lok anna er lokapróf.

## **Enska á miðstigi**

**Kennarar:** Christina M. Bengtsson og Sigrún Jónsdóttir.

Fyrir alla gegnir enskan lykilhlutverki í alþjóðlegum samskiptum s.s. í tölvusamskiptum og á ferðalögum en þessi atriði krefjast haldgóðrar enskukunnáttu. Mikilvægt er að nemendur temji sér að nota ensku í rituðu og töluðu máli og að þeir geti notað hana í almennum samskiptum við hinar ýmsu þjóðir. Málfræðin er tæki til að geta beitt tungumálinu á réttan hátt. Enskukunnáttan veitir okkur innsýn í fjölbreyttan menningarheim og í grunnskólanum er markmiðið að byggja góðan grunn að frekara námi.

### **Markmið**

Að nemandinn:

- skilji í stórum dráttum aðgengilegt efni í myndmiðlum
- geti lesið einfaldar smásögur, skáldsögur, frásagnir og fræðsluefni ætlað börnum og unglimum
- geti tekið þátt í samtölum um daglegt líf og áhugasvið
- geti bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum og á ferðalögum
- geti skilið og sagt frá á skýran hátt, daglegu lífi sínu og nánasta umhverfi
- geti í aðalatriðum sagt frá því sem þeir hafa lesið eða heyrt
- geti skrifað nokkuð rétt samfelldan texta eftir fyrirmyndum eða fyrirmælum
- geti skrifað stuttan texta um kunnuglegt efni
- geti samið stuttan texta, t.d. sögu eða ljóð

### **Kennsluaðferðir og leiðir að markmiði**

Þátttaka í paravinnu, hópvinna ásamt einstaklingsvinnu. Áhersla á umræðu og spurnaraðferðir. Námsleikir, söngur, verklegar æfingar, hlutverkaleikir, einfaldar ritgerðir, einfaldur lestur og innlögn.

### **Námsgögn**

Speak Out, Work Out, Build up 1, Build up 2, Ready for Action, Action, enskar málfræðiæfingar, geisladiskar, námsleikir, verkefni, sjónvarpsefni, kvikmyndir, myndir og léttlestrarefni.

## Námsmat

Matið byggist á:

- ❖ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga:

Ábyrgð á eigin námi; Að nemendur beri ábyrgð á eigin námi og leggi mat á eigin vinnubrögð.

Námsvitund; Hæfni til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit sinni.

Skapandi og gagnrýnin hugsun; Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu.

Sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; Vinna sjálfstætt og í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.

Tjáning; Jákvæðni og þátttaka í samræðum.

- ❖ Hæfni nemenda, þekking og leikni innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

## Form og tíðni námsmats

Yfir árið verða vinnuöppur og vinnusemi nemenda metin, en einnig verða lagðar fyrir formlegar kannanir bæði munnlegar og skriflegar til að skoða framfarir nemenda. Eins er metin virkni og heimavinna. Þrjú til fjögur próf eru á önn.

## Danska í 6. bekk

**Kennari:** Þuríður Vala Ólafsdóttir

Nemendur 6. bekkjar eru að hefja nám í dönsku. Markmið dönskukennslu í grunnskólanum er að efla og viðhalda tengslum við Norðurlöndin. Í dönskukennslunni er leitast við að opna nemendum sýn á menningu og lífnaðarhætti Dana en einnig að þeir fái innsýn í því sem er líkt og ólíkt milli þjóðanna. Nám í dönsku opnar möguleika á margvíslegum tækifærum á Norðurlöndunum, hvort sem um nám eða starf er að ræða.

### Markmið

Að nemandi:

- öðlist færni í að tjá sig munnlega á dönsku miðað við námsstig
- öðlist færni í að tjá sig skriflega á dönsku miðað við námsstig
- geti lesið danskan texta sér til gagns og gamans miðað við námsstig
- verði fær um að skilja talaða dönsku miðað við námsstig
- fræðist um málfræði gegnum verkefnavinnu

Sjá nánar í *Aðalnámskrá grunnskóla – Erlend tungumál* frá 2013.

### Kennsluaðferðir – leiðir að markmiðum

- Unnið með lestexta sem hæfa námsstigi.
- Vinni hlustunaræfingar.
- Talæfingar og samskipti á dönsku við kennara og samnemendur.
- Verkefnabækur.
- Verkefnavinna, bæði einstaklingsvinna og í hóp.
- Innlögn.
- Þemaverkefni.

## Námsgögn

- Kennslubækur sem verða notaðar: *Start* og er bæði vinnubók og grunnbók. Með þessu eru notaðar hlustunaræfingar.
- Dægurlagatónlist
- Efni útbúið af kennara.

## Námsmat

Matið byggist á:

- ❖ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga:

Ábyrgð á eigin námi; Að nemendur beri ábyrgð á eigin námi og leggi mat á eigin vinnubrögð.

Námsvitund; Hæfni til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit sinni.

Skapandi og gagnrýnin hugsun; Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu.

Sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; Vinna sjálfstætt og og í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.

Tjáning; jákvæðni og taka þátt í samræðum.

- ❖ Hæfni nemenda, þekking og leikni innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

## Form og tíðni námsmats

Yfir árið verða vinnubækur og vinnusemi nemenda metin, en einnig verða lagðar fyrir formlegar kannanir og hópverkefni til að skoða framfarir nemenda. Í lok anna fá nemendur umsagnir.

## Danska í 7. bekk

**Kennarar:** Sigrún Jónsdóttir og Þuríður Vala Ólafsdóttir

Markmið dönskukennslu í 7. bekk er að efla og viðhalda tengslum við Norðurlöndin. Í dönskukennslunni er leitast við að opna nemendum sýn á menningu og lífnaðarhætti Dana en einnig að þeir fái innsýn í því sem er líkt og ólíkt milli þjóðanna. Námið í dönsku opnar möguleika á margvíslegum tækifærum á Norðurlöndunum, hvort sem um nám eða starf er að ræða.

### Markmið

Að nemandi;

- öðlist færni í að tjá sig munnlega á dönsku miðað við námsstig
- öðlist færni í að tjá sig skriflega á dönsku miðað við námsstig
- geti lesið danskan texta sér til gagns og gamans miðað við námsstig
- verði fær um að skilja talaða dönsku miðað við námsstig
- fræðist um málfræði gegnum verkefnavinnu

Sjá nánar í *Aðalnámskrá grunnskóla – Erlend tungumál 2013*.

### Kennsluaðferðir – leiðir að markmiðum

- Unnið með lestexta sem hæfa námsstigi.
- Vinni hlustunaræfingar.
- Talæfingar og samskipti á dönsku við kennara og samnemendur.
- Verkefnabækur.

- Innlögn.
- Þemaverkefni.

### Námsgögn

- Kennslubækur sem verða notaðar: Smart ásamt vinnubók og grunnbók. Með þessu eru notaðar hlustunaræfingar.
- Efni útbúið af kennara.

### Námsmat

Matið byggist á:

- ❖ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga:

Ábyrgð á eigin námi; Að nemendur beri ábyrgð á eigin námi og leggi mat á eigin vinnubrögð.

Námsvitund; Hæfni til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit sinni.

Skapandi og gagnrýnin hugsun; Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu.

Sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; Vinni sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.

Tjáning; Jákvæðni og þátttaka í samræðum.

- ❖ Hæfni nemenda, þekking og leikni innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

### Form og tíðni námsmats

Yfir árið verða vinnubækur og vinnusemi nemenda metin, en einnig verða lagðar fyrir formlegar kannanir og hópverkefni til að skoða framfarir nemenda. Í lok anna fá nemendur umsagnir.

## Samfélagsfræði á miðstigi

**Kennarar:** Christina M. Bengtsson, Elsa Gehringer og Þröstur Freyr Sigfússon.

Eitt af hlutverkum skólans er að búa nemendur undir starf í því þjóðfélagi sem þeir munu tilheyra sem fullorðnir einstaklingar. Markmið samfélagsfræðinnar er að saman fléttist þekking, færni og tilfinning nemenda svo þeir öðlist vitund um samfélagið, nánasta umhverfi og söguna. Einnig að nemendur tileinki sér réttýni, gildismat og ábyrgð, sem meðal annars byggir á hæfni til að setja sig í spor annarra.

Í sögukennslu er byggt á heildstæðri og fjölbreyttri skoðun heimilda um samfélög og einstaklinga frá fortíð til samtíma.

Landafræðin fjallar um breytileg lífsskilyrði fólks í heiminum með hliðsjón af víxlverkun manns og náttúru.

Trúarbragðafræði er ætlað að auka skilning á ríkjandi trúarbrögðum og ólíkum trúarhefðum með umburðarlyndi og víðsýni að leiðarljósi.

Siðfræði kennir hvernig mögulegt er að rannsaka siðræn gildi, efla siðvit og ræða saman um siðferðileg álitamál.

Markmið skóla eru miðuð við *Aðalnámskrá grunnskóla 2011– Samfélagsgreinar 2013*

Markmið skólans er að nemendur kynnist staðháttum, kennileitum, byggð og sögu í landi sínu, Íslandi einnig Norðurlanda og Evrópu. Mikilvægt er að nemendur læri að lesa upplýsingar af landakortum og vinna með landakort.

### Markmið

Að nemandi:

- þekki helstu bæi og kaupstaði á Íslandi
- fræðist um Norðurlandabýjðirnar
- þekki á kortum nöfn og staðsetningu, stærstu ár, vötn, eyjar og fjallgarða í Evrópu
- átti sig á hreyfingu jarðar umhverfis sólu og að það veldur árstíðaskiptum
- þekki söguna frá Rómaveldi til miðalda
- þekki til atburða á miðöldum
- þekki valda þætti nokkurra helstu trúarbragða heimsins, einkum guðshús, tákni, hátíðir og siði, og hafa tamið sér virðingu fyrir þeim

### Kennsluaðferðir og leiðir að markmiðum

Til að ná settum markmiðum verður leitast við að nota sem fjölbreytilegastar kennsluaðferðir þannig að hægt verði að koma til móts við þarfir hvers og eins. Unnið verður með þemaverkefni, hópavinnu, einstaklingsvinnu og innlagnir í litlum hópum.

### Námsgögn

*Ísland, veröld til að njóta, Norðurlönd, Frá Róm til Þingvalla, Miðaldafólk á ferð, Sögueyjan og Evrópa.* Unnið verður í vinnubækur og notast við veraldarvefinn, landakort og fleira.

Athugið að þeir nemendur sem vilja styðjast við hljóðbækur geta fengið þær lánaðar á bókasafninu.

### Námsmat

Matið byggist á:

- ❖ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga:

Ábyrgð á eigin námi; Að nemendur beri ábyrgð á eigin námi og leggi mat á eigin vinnubrögð.

Námssvitund; Hæfni til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit sinni.

Skapandi og gagnrýnin hugsun; Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu.

Sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; Vinna sjálfstætt og og í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.

Tjáning; Jákvæðni og taka þátt í samræðum.

- ❖ Hæfni nemenda, þekking og leikni innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

### Form og tíðni námsmats

Yfir árið verða vinnubækur og vinnusemi nemenda metin, en einnig verða lagðar fyrir formlegar kannanir til að skoða framfarir nemenda. Í lok anna er ýmist námsmat eða verkefni metin.

## Náttúruvísindi og útikennsla á miðstigi

**Kennarar:** Elsa Gehringer, Siggerður Ólöf Sigurðardóttir, Sigríður Vaka Jónsdóttir og Pröstur Freyr Sigfússon.

Markmið skólans er að þroska heilbrigða forvitni nemandans, efla skynjun og læsi hans á umhverfinu, efla siðferði og ábyrgðartilfinningu hans gagnvart náttúrinni og gera hann gagnrýninn á stöðu mannsins í umhverfinu. Þættir eins og vistfræði dýra og plantna, þróun lífs og lífshættir eru atriði sem mikilvægt er að þekkja til. Reynt verður í auknu mæli að efla sjálfsstæð vinnubrögð og lýðræðislegar umræður nemenda ásamt því að þjálfa þá í að vinna sjálfstætt og í hópavinnu.

Markmið skóla eru miðuð við *Aðalnámskrá grunnskóla 2013 – Náttúrugreinar 2013*.

Undir náttúrugreinar heyra m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt.

### Markmið

Að nemendur;

- þekki stöðu og hreyfingu jarðarinnar og reikistjarnanna í sólkerfinu.
- greini á milli þess sem er endurnýjanlegt í náttúrunni og einungis til í takmörkuðu mæli
- átti sig á ýmsum hugtökum innan náttúrufræðinnar
- geri sér grein fyrir orsökum mismunandi veðurfars og loftlags
- geti sýnt frumkvæði við að tengja saman þekkingu og reynslu úr ýmsum þáttum námssviðsins
- skilji að sérhvert efni getur breytt um ham og blöndun tveggja efna getur orðið að nýju efni
- þekki helstu líffærakerfi mannlíkamans og starfsemi þeirra í stórum dráttum
- ræði muninn á hreinu lofti og menguðu, uppruna loftmengunar í heimabyggð, áhrif hennar og hvað megi gera til að draga úr henni

### Kennsluáðferðir og leiðir að markmiðum

Til að ná settum markmiðum verður leitast við að nota sem fjölbreytilegastar kennsluáðferðir þannig að hægt verði að koma til móts við þarfir hvers og eins. Byggt verður á dæmum úr náttúru landsins, nánasta umhverfi nemenda og þeim raunveruleika sem við þeim blasir. Námið skal tengt merkingarbærum og áhugaverðum verkefnum sem fela í sér athuganir, úrvinnslu og túlkun niðurstaðna og leitast við að opna augun þeirra fyrir hagnýtu gildi þekkingar og tæknikunnáttu.

Sett hafa verið fram lykilorð fyrir náttúrufræði á miðstigi og eru þau: forvitni, sköpun, leit, upplifun í lengri og skemmri ferðum, ákveðin vinnubrögð, tjáning, öryggi, aukinn skilningur á völdum hugtökum og vinnubrögðum.

Aðferðir þær sem meðalannars verða notaðar eru:

Leitaraðferðir, þar sem nemendur leita upplýsinga á bókasafni, veraldarvefnum og í umhverfinu.

Útlistunaraðferð, þar sem kennari leggur inn námsefni, útskýrir og vekur til umhugsunar.

Umræðu og spurnaraðferð, að þjálfa nemendur í umræðum, fá þá til að tjá sig, rökræða og hlusta á aðra.

Hópvinnubrögð, þar sem nemendureru þjálfaðir í samvinnu, styrkja félagslegastöðu innan hópsins og öðlist jákvæð viðhorf til samnemenda.

Innlifunaraðferð og tjáning, þar sem nemendur eru þjálfaðir í að tjá sig, efla mál og málþroska og efla um leið ímyndunarafli og sköpunargáfu.

Verklegaræfingar, þar sem að bæði verður unnið einstaklingslega og í hópum að tilraunum og ýmsum verkefnum.

### Námsgögn

Auðvitað bók 1, 2, og 3, Veðurfræði, Lífríkið í fersku vatni, Líf á landi og Maðurinn: Hugur og heilsa. Einnig greiningarbækur t.d. plöntur, skordýra og fiska.

Námsgögn úr náttúrufræðistofu til verklegra æfinga. Umhverfi skólans. Vefsíður t.d. 6h.is

### Námsmat

Matið byggist á:

- ❖ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga:

Ábyrgð á eigin námi; Að nemendur beri ábyrgð á eigin námi og leggi mat á eigin vinnubrögð.

Námsvitund; Hæfni til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit sinni.

Skapandi og gagnrýnin hugsun; Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu.

Sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; Vinna sjálfstætt og og í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.

Tjáning; Jákvæðni og taka þátt í samræðum.

- ❖ Hæfni nemenda, þekking og leikni innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

### Form og tíðni námsmats

Yfir árið verða vinnubækur og vinnusemi nemenda metin, en einnig verða lagðar fyrir formlegar kannanir til að skoða framfarir nemenda. Í lok anna er námsmat, próf eða umsagnir.

## List og verkgreinar á miðstigi

Megin tilgangur með námi í list- og verkgreinum í grunnskóla er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkunnáttu, sköpun, samhæfingu hugar og handar með ólíkum tjáningarleiðum. Þekking og færni í list- og verkgreinum getur stuðlað m.a. að bættu siðferði og þjóðfélagslegri ábyrgð nemenda. Þar fá nemendur tækifæri að skapa hluti í handverki, vinna með tákni, tóna og matarmenningu sem þroskar og eykur hæfni fólks til að takast á við síbreytilegan heim á gagnrýninn og skapandi hátt. Jafnvægi milli bóklegs og verklegs náms stuðlar að jafnrétti nemenda til að finna hæfileikum sínum farveg.

Markmið skólans eru samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla – List- og verkgreinar 2013*.

## Myndmennt

**Kennari:** Sigrún Jónsdóttir.

### Markmið skóla og nemenda

Læsi barna er samfléttað úr lestri leturs, tákna og mynda. Þau lesa sitt nánasta umhverfi á ólíka vegu og verður í vetur fengist við að skoða, skrá, skilja og túlka umhverfið með ýmsum efnum og aðferðum. Stefnt er markvisst að því að efla hæfileika nemenda til sjálfstæðrar vinnu sem og uppbyggilegrar samvinnu við aðra á jafnréttisgrundvelli. Endurnýtt verða ýmis verðlaus efni og vitund

barna þjálfuð í átt að umhverfissvænni tilvist. Þjálfuð verður leikni í teikningu, litafræði, málun, mótun og fleiri listrænum þáttum. Valdir listamenn verða kynntir og gerð verkefni í tengslum við þá. Mikil áhersla er lögð á skipulögð vinnubrögð, meðferð efna og sköpunargleði. Listir hjálpa mörgum við að ástunda heilbrigðara líf og öðlast innri ró. Markmiðið er að allir geti verið þeir sjálfir í tímum og er gefið tækifæri á slökun og hreyfingu í kennslulotum.

### **Kennsluaðferðir og leiðir að markmiðum**

Kennt verður í smiðjum. Sjöundi bekkur er sér en nemendum 5. og 6. bekk er blandað í hópa.

Hóparnir eru átta og er hverjum hópi kennt í 80 mínútur í senn, tvisvar í viku í 8 vikur í senn.

Kennsluaðferðir verða m.a. útikennsla, upplifunaraðferðir, sýnikennsla, sjónsköpun, rannsóknir, námsleikir og verkleg kennsla.

### **Námsgögn**

Myndmennt 1 og 2, myndmiðlar, listaverkabækur, tölvuforrit og gagnvirkt efni af vef. Pappír og litir af ýmsu tagi, verðlaust efni o.fl.

### **Námsmat**

Leiðsagnarmat: verkmöppur, gátlistar, sjálfsmat og frammistöðumat. Leitast verður við að hafa námsmat fjölbreytt og á forsendum hvers nemanda. Námsmatið er ferlmiðað þ.e. ferlið við sköpunina er metið til jafns á við fullunnin verk.

## **Textílmennt**

### **5.-7. bekkur**

Kennari: Line Nørgaard

#### **Markmið skóla:**

Lögð er áhersla á að örva sköpunargleði, vinnugleði, frumkvæði og sjálftraust nemenda. Haldið verður áfram að byggja ofan á þann grunn sem nemendur hafa og áhersla lögð á sjálfstæði nemenda og að efla áhuga þeirra á handverki.

Prjón: Færni í prjóni þjálfuð og byggt ofan á þá kunnáttu sem fyrir er, nemendur læri t.d. úrtöku, affellingu og útaukningu í prjóni, að prjóna í hring á hringprjón eða með 5 prjónum.

Vélsaumur: Áhersla lögð á að nemendur læri að vinna sjálfstætt á saumavél, þræða, spóla, gera sporbreytingar o.s.frv. Nemendur fá vélsaumsverkefni frá kennara.

Útsaumur: Nemendur rifja upp og læra ný útsaumsspor, sem nota mætti m.a. til að skreyta vélsaums- og prjónaverkefni.

Annað: þæfing, þrykk, málun, endurnýting efna.

### **Skylduverkefni 5. bekkjar: Dúkkurúmföt**

Markmið: Nemendur læri að hanna og sauma rúmföt. Mikil áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð. Nemendur rifja upp hvernig þræða á saumavél, skipta um spor og annað sem við kemur vélsaumi.



Aukaverkefni: Þrjóna dúkku/bangsa húfu eða sauma bangsanáttbuxur.

### **Skylduverkefni 6. bekkjar: Lopahúfa**

Markmið: Nemendur læri að þrjóna húfu á hringþrjón, taka saman og ganga frá endum. Nemendur vinna eftir skriflegum leiðbeiningum og uppskriftum.

### **Kennsluaðferðir og leiðir að markmiðum**

Nemendum í 5.-7. bekk er skipt í 8-10 manna hópa og koma þeir í smiðju 2 x í viku 80 mín í senn. 5.-6. bekkur saman og 7. bekkur sér.

Textílkennsla er í eðli sínu einstaklingsmiðuð. Nemendur vinna ákveðin verkefni sem þeir útfæra síðan að eigin óskum og löguð eru að getu hvers og eins. Verkefni geta verið mismunandi milli hópa eftir árstíðum, vegna samþættingar við aðrar námsgreinar, þemavinnu o.s.frv. Gera má ráð fyrir heimavinnu

Einstaklingskennsla, sýnikennsla, hópkennsla, samvinnunám (nemendur kenna/hjálpa hver öðrum).

### **Námsmat**

Kennaraeinkunn er byggð á eftirfarandi þáttum: Leiðsagnarmat – notaður verður tékklisti og sjálfsmat - nemandi metur eigin vinnu í lok hvers tíma á ákv. eyðublað og á sama blaði er mat kennara. Kennari skráir inn í Námfús.

### **Smíði/mótun**

**Kennari:** Guðrún Auður Björnsdóttir

**Markmið skóla:** Eru miðuð við Aðalnámsskrá grunnskóla - hönnun og smíði. Áhersla er lögð á öryggisþætti í umgengni véla, verkfæra og almenna umgengni í stofu. Reynt verður að örva sköpunargleði, vinnugleði og frumkvæði með verkefnum þar sem nemendur þjálfast í að nýta sér þá þekkingu sem þeir hafa fengið. Hlutir teiknaðir/rissaðir upp í þrívídd og málsettir.

**Kennsluaðferðir og leiðir að markmiði:** Nemendur koma í 80 mín. á viku hálfan vetur. Einstaklingskennsla, sýnikennsla, hópkennsla og samvinnunám (nem. hjálpa hver öðrum), hugmyndavinna og sköpun. Nemendur fá eitt skylduverkefni frá kennara sem þau útfæra þar sem þau fara í gegnum ferlið frá hugmynd að afurð. Að því loknu velja þau sér verkefni í samráði við kennara.

**Námsgögn:** Notað verður efni, verkfæri, tól og tæki sem smíðastofan býr yfir ásamt handbókum, ljósritum og hugmyndum nemenda.

**Námsmat:** Kennaraeinkunn er byggð á eftirfarandi þáttum: Leiðsagnarmat – notaður verður tékklisti og sjálfsmat - nemandi metur eigin vinnu í lok hvers tíma á ákv. eyðublað og á sama blaði er mat kennara. Kennari skráir inn í Námfús.

## Tónmennt

**Kennari:** Ingibjörg Erlingsdóttir

Tónlistariðkunin hefur yfirfærslugildi á aðra hæfni og þekkingu, svo sem samhæfingu hugar og handar, lestrarþjálfun, málþroska og fl. Að iðka tónlist og njóta hennar felur í sér ákveðin ferli; söng og raddbeitingu, lestur og ritun, hljóðfæranotkun, hreyfingu, hlustun og sköpun

### Markmið

Að nemendur;

- geti hlustað á, greint á milli og talað um mismunandi tónlistarhugtök
- átti sig á ýmsum leiðum í útsetningum tónlistar
- þjálfist í hljóðfæraleik
- kunnir einföld hrynmynstur
- þjálfar líkamsvitund, samhæfingu og samvinnu með leik og söng

### Kennsluaðferðir og leiðir að markmiðum

Nemendur fá kennslu í flestum þáttum tónlistar en lögð verður mest áhersla á samspil og söng.

Einstaklingskennsla, sýnikennsla, hópkenntla og samvinnunám (nem. hjálpa hver öðrum).

### Námsgögn

Hljóðfæri tónmenntastofunar, Tónmennt 3. hefti (kennslubók, vinnubók og söngvasafn).

Nova söngbækur, Syngjandi skóli og námsefni frá kennara.

### Námsmat

Sjálfsmat, vinnubækur og kennaraeinkunn sem felur í sér þessa þætti: sjálfstæði/frumkvæði, ástundun/vandvirkni, umgengni/hegðun.

## Heimilisfræði

**Kennari:** Pálína Björk Jónsdóttir

Heimilisfræði snýst um matreiðslu, næringu, hollustu, vinnubrögð, hreinlæti, umhverfisvernd og matvælafræði. Nemendur eiga að tileinka sér einfalda vinnutækni í matreiðslu (hreinsa, flysja, skera, brytja, saxa, rífa sjóða), þrifa og ganga frá eftir sig í eldhúsinu. Æskilegt er að nemendur fái að æfa sig heima.

### Markmið

Að nemandi:

- noti rétt áhöld við matreiðslu
- öðlist færni í að þvo upp eftir hreinlætiskröfum
- temji sér sjálfstæði og frumkvæði
- geti unnið með öðrum að verkefnum
- temji sér góð vinnubrögð og réttar vinnustellingar
- þjálfist í að vinna eftir uppskriftum og noti mælitæki algeng mælitæki í eldhúsi
- kunnir að flokka sorp sem fellur til í eldhúsi í lífrænt og ólífrænt
- temji sér góða borðsiði

### **Kennsluaðferðir og leiðir að markmiðum**

Nemendur fara eftir uppskriftum og annað hvort baka eða matreiða mat, bera matinn fram og matast, ganga frá í eldhúsinu og skila því hreinu. Einnig eru skrifleg verkefni sem nemendur vinna saman eða sitt í hvoru lagi.

### **Kennslutími**

Unnið er í smíðjum þ.e. nemendur úr 5. og 6. bekk saman í hóp, 2 x 80 mín á viku, 1/4 hluta vetrar og nemendur úr 7. bekk saman í hóp, 2 x 80 mín á viku, 1/4 hluta vetrar.

### **Námsgögn**

Gott og gagnlegt 2 fyrir 5. og 6. bekk og Gott og gagnlegt 3 fyrir 7. bekk og ýmis ljósrít.

### **Námsmat**

Gefin er kennaraeinkunn í lok annar sem byggð er á leiðsagnarmati.

## **Upplýsinga- og tæknimennt á miðstigi**

Eitt meginhlutverk grunnskólans er að búa nemendur undir starf í því þjóðfélagi sem þeir munu tilheyra sem fullorðnir einstaklingar. Beiting upplýsingatækni og tölvunotkunar er verklag sem setur svip sinn á allar greinar þjóðlífsins. Það er því nauðsynlegt að slíkar tækni og slíkar vinnuaðferðir skipi viðeigandi sess í grunnskólanum.

Markmið eru miðuð við Aðalnámskrá grunnskóla 2013 – Upplýsinga- og tæknimennt 2013.

**Kennari:** Jón Stefánsson

### **Markmið**

Nemandi á að;

- tileinka sér jákvæð viðhorf til tölvunotkunar
- tileinka sér rétta fingrasetningu, líkamsbeitingu og blindskrift
- geta beitt tölvutækni við upplýsingaleit og meta gögn á gagnrýnin hátt
- venjast því að nota upplýsingatækni til framsetningar á efni, bæði prentuðu og á rafrænu formi
- læra undirstöðuatriði í forritunum Word, exel og Power point
- geta vistað skjöl og náð í vistuð gögn
- geta notað ýmiss kennsluforrit
- fá þjálfun í ritgerðasmíði
- notkun tölvupósts
- forritun á mini tölvur

### **Kennsluaðferðir og leiðir að markmiðum**

Einstaklings og hópavinna, innlagnir í litlum hópum, verkefnavinna, samþætting við ensku, íslensku og myndmennt.

### **Námsgögn:**

Ýmis kennslu og tölvuforrit s.s. Exel, Word, Power point og Fingrafimi.

### **Námsmat**

Matið byggist á:

- ❖ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áherslupáttum grunnskólalaga:

Ábyrgð á eigin námi; Að nemendur beri ábyrgð á eigin námi og leggi mat á eigin vinnubrögð.

Námsvitund; Hæfni til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit sinni.

Skapandi og gagnrýnin hugsun; Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu.

Sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; Vinna sjálfstætt og og í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.

Tjáning; jákvæðni og taka þátt í samræðum.

- ❖ Hæfni nemenda, þekking og leikni innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

### **Form og tíðni námsmats**

Yfir árið verða verkefni og vinnusemi nemenda metin. Í lok anna er námsmat / umsagnir.

## **Lífsleikni – ART á miðstigi.**

Nú í vetur eru allir árgangarnir á miðstiginu í ARTi í lífsleiknitímum.

ART stendur fyrir Aggression Replacement Training eða fastmótað uppeldisfræðilegt þjálfunarmódel sem hefur það að markmiði að fyrirbyggja ofbeldi og kenna aðrar leiðir til að leysa samskipta-, tilfinninga og hegðunarvanda.

### **Markmið:**

Félagsfærni:

Nemandinn fær verkfæri í hendurnar til að leysa ýmiskonar aðstæður. Unnið er út frá hegðun hans þ.e. Að hann læri hvað hann á að gera í ákveðnum aðstæðum.

Sjálfstjórn:

Nemandinn lærir að þekkja tilfinningar sínar, læri leiðir til að koma í veg fyrir að hann missi sjálfstjórn. Unnið út frá tilfinningum hans.

Siðferðisvitund:

Nemendur þjálfast í að greina rétt frá röngu. Unnið í gegnum klípusögur.

**Kennarar:** Elísabeth Lind Ingólfssdóttir, Kristín Erna Leifsdóttir, Ingibjörg Ýr Ólafsdóttir, Ólafur Elí Magnússon, Sigríður Vaka Jónsdóttir og Þróstur Freyr Sigfússon.

### **Kennsluáðferðir og leiðir að markmiðum**

Fer helst alltaf fram í heimastofunni – (ART- stofu). Regluleg þjálfun úti í raunverulegum aðstæðum þegar nemandinn er búin að læra að nota ákveðna færni.

Bekknur skipt í tvo hópa (fer eftir fjölda nemenda). Helmingur að læra samkvæmt stundatöflu, hinn í ART. Skipt eftir 20 mínútur (félagsfærni). Siðferði og sjálfstjórn er hægt að taka í stærri hóp og miða við 40 mínútur. ART fer fram þrisvar í viku (í grunnþjálfun). Grunnþjálfun tekur 12 vikur. Eftir grunnþjálfun 1-2 tímar á viku. Nemendur fá heimaæfingar. Hópur setur sér reglur í upphafi og fer eftir þeim.

## Íþróttir og sund á miðstigi

**Kennarar:** Helgi Jens Hlíðdal, Lárus Viðar Stefánsson og Ólafur Elí Magnússon

Íþróttir og sund eru mjög tengd okkar daglega lífi og því er mjög mikilvægt að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi hreyfingar. Á tímum þar sem tæknivæðingin ræður ríkjum er hreyfing nauðsynleg bæði fyrir andlega og líkamlega líðan nemenda. Þannig má efla sjálfstraust og styrkja sjálfsmynd hvers einstaklings. Íþróttir eru vel til þess fallnar að efla félags-tilfinninga- og siðgæðisþroska nemenda.

Fjölbreytni í íþróttum hvetur börn til dáða og stuðlar að betri námsárangri.

Á þessu stigi er lögð áhersla á að kynna fyrir nemendum mismunandi tegundir íþróttar og leikja.

### Markmið

#### Sund:

Að nemandi:

- Öðlist færni og sjálfstraust til að vinna í vatnsumhverfi.
- Læri björgunaraðferðir úr vatni
- Auki færni í bringu- bak- og skriðsundi.
- Læri grunnatriðin í flugsundi
- Viðhaldi öryggis- og umgengisreglur.

#### Íþróttir:

Að nemandi:

- Vinni áfram með gróf- fín- og samsettar hreyfingar.
- Tileinki sér reglur og sjálfstjórn í leikjum sem öðrum verkefnum.
- Læri grunnatriði og reglur í hinum ýmsu íþróttagreinum.
- Viðhaldi öryggis- og umgengisreglum.

### Kennsluáðferðir og leiðir að markmiði

#### Sund:

- Unnið verður með verklegar æfingar s.s. sunnaðferðir, stungu, köfun, leiki.
- Sýnikennsla á bakka.
- Hópavinna, paravinna, einstaklingsvinna.
- Innlagnir.

#### Íþróttir:

- Verklegar æfingar.
- Hópavinna, paravinna, einstaklingsvinna.
- Innlagnir, sýnikennsla.

### Námsgögn

#### Sund:

- Sundblöðkur, kútar, korkar, köfunarhringir og fleira tilfallandi.

#### Íþróttir:

- Áhöld fyrir íþróttakennslu eru margþætt og fjölbreytt.

### Námsmat

#### Sund:

- Stöðupróf, lokapróf.
- Frammistöðumat (hegðun, virkni og áhugi í tímum).

**Íþróttir:**

- Símat.
- Leiðsagnarmat.
- Í lok hvers þema er frammistaða nemanda metin.
- Frammistöðumat (hegðun, virkni og áhugi í tímum).
- Í einstökum greinum er árangur nemenda mældur út frá fyrirfram ákveðnum viðmiðum (píptest, frjálsar íþróttir).